

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um héraðslögreglumenn nr. 283/1997.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Lögreglustjóra í öðrum umdæmum en í umdæmum lögreglustjóranna á Akureyri, Akranesi, Selfossi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að ráða allt að 8 héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra.

Lögreglustjórnum á Akureyri, Akranesi og Selfossi er heimilt að ráða allt að 16 héraðslögreglumenn, lögreglustjórnum á Suðurnesjum er heimilt að ráða allt að 40 héraðslögreglumenn og lögreglustjórnum á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að ráða allt að 80 héraðslögreglumenn að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra.

2. gr.

5. gr. orðast svo:

Umsækjandi um starf héraðslögreglumanns skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a. vera íslenskur ríkisborgari, 20-40 ára,
- b. hafa ekki gerst brotlegur við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigður og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum,
- d. hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, hafa gott vald á íslensku og ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs og vera syndur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 10. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996 með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 2008.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Þórunn J. Hafstein.*